

Æskulýðsstarf Léttfeta Sauðárkróki.

Vetrarstarfið fór af stað með að sett voru á námskeið einu sinni í viku frá byrjun febrúar fram í lok maí.

Þátttaka var mjög góð. Alls tóku þátt 18 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára. Kennarar á námskeiðinu voru Arndís Brynjólfsdóttir útskrifaður reiðkennari C frá Hólaskóla og Inga Dóra Ingimarsdóttir Leiðbeinandi og Tamningamaður frá Hólaskóla. Meðal þess efnis sem var tekið fyrir á þessu námskeiði var undirbúningur fyrir Æskulýðsmót sem haldið var í reiðhöllinni Svaðastöðum um miðjan Apríl. Þar gafst börnum allt frá pollum upp í unglingaflokk kostur á að spreyta sig í tölti og fjórgangi. Góð þátttaka var á mótinu en það var opið mót. Börn og unglingar úr Skagafirði komu og tóku þátt.

Vetrarstarfinu var svo slitið í maí með reiðtúr foreldra og barna í nágrenninu. Þegar heim var komið grillaðu börnin fyrir foreldra sína í félagsheimili Léttfeta Tjarnarbæ. Foreldrar áttu ekki von á svona móttökum en voru mjög ánægð með steikur og fínerí og allir fóru saddir heim. Við það tilefni fengu börnin afhent jakka merкта féluginu frá æskulýðsnefnd félagsins.

Sameiginlegt starf hestamannafélagana í skagafirði hefur verið að eflast mjög undanfarin ár. Léttfeti hefur verið öflugur þáttakandi í þessu starfi. Í byrjun febrúar hófst stafið með mjög öflugum námsskeiðahaldi um aðra hverja helgi sem stóð fram að 17 maí Æskulýðsdegi Glitins. Þá fór fram sýningin Æskan og hesturinn sem öllum hestamannafélögum á norðurlandi var boðið að taka þátt í. Þar mættu til leiks félagar okkar frá Hvammstanga,

Blöndósi, Siglufirði og síðast en ekki síst Dalvíkingar. Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn hófst um miðjan apríl og bættist þá í hóp reiðkennaranna öflugur liðsmaður sem heitir Líney Hjálmarsdóttir menntaður reiðkennari C frá Hólum. Tvær sýningar voru haldnar, tókust þær með eindæmum vel þarna sýndu um það bil eitt hundrað og þrjátíu börn listir sínar að viðstöddum fimm hundruð áhorfendum í hvort skipti.

Starfið tókst mjög vel undir stjórn og skipulagi Arndísar Brynjólfsdóttur reiðkennara. 65 börn á aldrinum 4 til 17 ára tóku þátt. Í byrjun hittust öll börn og foreldrar með reiðtygi sín þrifu og þússuðu. Þetta er orðið árlegt hjá okkur og hefur það mælst vel fyrir og er hvatnig fyrir alla að hugsa vel um reiðtygi sín.

Hefðbundið námskeiðisform var haft á þessu og börnum var skipt niður í hóp eftir getu og aldri. Reiðkennarar starfsins voru alls 6 talsins og skiptu þau með sér bæði bóklegri og verklegri kennslu.

Þeir voru Inga Dóra Ingimarsdóttir, Brynjólfur Jónsson, Auður Ingimarsdóttir, Sara Reykdal Einarsdóttir og Guðrún Hanna Kristjánsdóttir

Allir reiðkennarar við námskeiðið hafa leiðbeinenda réttindi frá Hólaskóla. Umsjónamaður og yfirkennari Arndís Brynjólfsdóttir er reiðkennari C frá Hólaskóla. Það að hafa alla reiðkennarana menntaða frá Hólum gefur þann kost að allir tala sama tungumál þegar til kennslu kemur og var þetta samhentur hópur sem krakkarnir voru mjög ánægðir með!

f.h unglingaráðs Léttfeta.

Geir Eyjólfsson.

